



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um skólalóð Austurbæjarskóla

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 27. apríl 2022 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn, sbr. 15. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Skólasamfélag Austurbæjarskóla þ.e.. skólaráð, skólastjóri, Frístundaheimilið Draumaland, yngri barna kennarar og foreldrar við skólann hafa óskað eftir því að skólalóðin og leiksvæði fyrir börnin verði afgirt. Það hversu opin skólalóðin er hefur skapað vandræði í skólastarfinu, m.a. vegna þess að í Miðbænum er mikill fjöldi ferðafólks sem oft ratar inn á skólalóðina á skólatíma, heilu hóparnir stundum og í sumum tilfellum hefur fólk ratað alla leið inn í skóla án þess að eiga þangað erindi. Einnig er ekkert sem stöðvar eða hindrar umferð rafhlaupahjóla og jafnvel vespa sem fara þarna í gegn oft á mikilli ferð. Draumaland, frístund fyrir 1 - 4 bekk er staðsett við Bergþórugötu og beint aðgengi fyrir börnin út á götu. Að sama skapi er ekkert sem afmarkar skólalóðina við bílastæðin. Við teljum að tryggja þurfi öryggi barna á skólatíma betur. Það hefur ekki mátt gera vegna þess að göngustígur í gegnum skólalóðina hefur talist Borgarland, sem og tröppugangur milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar Spennistöðin. Nú eru nýjustu upplýsingar þær að þetta sé ekki borgarland og tilheyri skólalóðinni.

Íbúaráð Miðborgar- og Hlíða óskar eftir að fá úr því skorið hvort þessi göngustígur sem liggur í gegnum skólalóðina sé borgarland eða skólalóð?

Jafnframt óska eftir upplýsingum um það hvort til standi að hafa skólalóðina og leiksvæði fyrir börnin afgirt?

Eins er á áætlun að endurnýja eigi skólalóð Austurbæjarskóla árið 2023 og viljum við vita hvort það muni standast?

Lóðin og skólinn þarf sannarlega á því að halda

Þessari fyrirspurn var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Svar við erindi:

Gönguleið í gegnum skólalóð Austurbæjarskóla er innan lóðarmarka og tilheyrir lóð Barónsstígs 32 sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Aftur á móti eru skólalóðir skilgreindar sem almenningsvæði eftir að skólatíma lýkur.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds (SFV) hefur látið girða við skólann án þess að loka alveg fyrir umferð gangandi- og hjólandi við þann enda skólalóðar sem snýr að Bergþórugötu ásamt því að setja þar upp skilti sem kveður á um að um skólalóð sé að ræða, bæði á íslensku og á ensku.

Varðandi lóðarframkvæmdir við Austurbæjarskóla þá var upphaflega áætlað að fara í endurgerð á þessu ári, 2023, samkvæmt 5 ára áætlun um endurgerð grunnskólalóða.

Sú áætlun hefur nú tekið breytingum og hefur Austurbæjarskóli verið færður til ársins 2025 og er stefnt að því að hönnunarferlið hefjist á næsta ári. SFV sinnir reglubundu viðhaldi á lóð Austurbæjarskóla og hefur verið með átaksverkefni í gangi svosem:

- bættu við hjóla- og hlaupahjólástöndum á lóðina.
- skipta um gervigras á battavellinum
- skipta um sjö lampa á aðalgöngustíg
- setja upp lýsingu við göngustíg á sunnanverðri lóðinni, fimm staurar og fimm nýir lampar.

Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

